

9. mars 2009  
SI-50123

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 5. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, 244. mál

Frumvarp þetta er flutt samhliða lagafrumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga, 245. mál. Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við breytingar í frumvarpi til breytinga á lögum ársreikninga varðandi hlutverk endurskoðenda annars vegar og skoðunarmanna hins vegar. Til viðbótar er lagt til að heimild félaga til að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli, svo og ákvæði varðandi geymslu bókhaldsgagna erlendis í allt að sex mánuði.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygaard  
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri